



# Leikur er barna yndi

---

## Þróunarverkefni



**Elsa Rut Róbertsdóttir, Guðrún Lára Magnúsdóttir (verkefnisstjóri), Sigurbjörg Friðriksdóttir**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Höfundur, hugmyndafræði .....	2
Aðdragandi .....	3
Skipulag verkefnisins .....	4
Framkvæmd .....	4
Rannsókn á viðhorfi foreldra og starfsfólks til nýrrar stefnu, flæðis.....	6
Aðferðafræði .....	6
Niðurstöður.....	7
Tafla 1.1 – Starfsfólk fyrri könnun.....	7
Tafla 1.2 – Starfsfólk seinni könnun .....	8
Tafla 2.1 – Foreldrar fyrri könnun.....	9
Tafla 2.2 – Foreldrar seinni könnun .....	10
Tafla 3.1 - Foreldrar barna fædd 2009 fyrri könnun.....	11
Tafla 3.2 - Foreldrar barna fædd 2009 seinni könnun .....	12
Skráningar á leik nemenda og þátttöku og líðan starfsfólks í flæði .....	13
Að lokum.....	14
Heimildaskrá .....	15
Viðauki 1 – Verkáætlun .....	16
Viðauki 2 – Spurningalistar.....	18
Viðauki 3 – Eyðublað vegna skráningar .....	20

## **Inngangur**

Í þessari skýrslu verður fjallað um þróunarverkefnið „Leikur er barna yndi“ sem unnið var í leikskólanum Ásgarði á Hvammstanga, Húnaþingi vestra. Sprotasjóður veitti styrk til verkefnisins fyrir skólaárið 2011-2012. Viljum við nota tækifærið og þakka fyrir.

Vinna við verkefnið hófst í ágúst 2011 og lauk í janúar 2013. Markmiðin með verkefninu voru að auka gæði frjálsa leiksins, nýta betur húsnæði og leikefnivið skólans og dýpka þekkingu og færni starfsfólks til að vinna í anda hugmyndafræði Mihaly Csikszentmihalyi, sem fjallar um flæði. Áður en þróunarverkefnið fór formlega af stað var breytingarferli hafið innan skólans en styrkurinn gerði okkur kleift að ráðast í framkvæmdina af fullum krafti.

Í skýrslunni verður farið yfir framkvæmdaferlið, sagt frá rannsókn á viðhorfi foreldra og starfsfólks til nýrrar stefnu leikskólans og loks gerð grein fyrir niðurstöðum skráninga sem skýrsluhöfundar gerðu á leik nemenda og þátttöku og líðan starfsfólks meðan á verkefninu stóð. Að lokum verða dregnar saman helstu niðurstöður og upplifanir okkar.

## **Höfundur, hugmyndafræði**

Mihaly Csikszentmihalyi er ungverskur sálfræðiprófessor fæddur árið 1934. Hann útskrifaðist með B.A. gráðu árið 1960 og Ph.D. gráðu árið 1965, báðar frá háskólanum í Chicago. Hann er þekktur fyrir rannsóknir sínar á hamingju og sköpunargleði. Þekktastur er hann þó fyrir að vera upphafsmaður hugmyndafræðinnar flæði. Hann hefur skrifað fjölda bóka og greina og er meðal annars höfundur bókarinnar „Finding Flow“ (Psychology. About.com, e.d.).

Samkvæmt kenningum Mihaly er flæði þær stundir sem við njótum okkar best. Einstaklingurinn er svo niðursökkinn í athöfn að ekkert annað kemst að, verkefnið á hug hans allan og hann gleymir jafnvel stund og stað. Hlutirnir virðast gerast án áreynslu og hæfileikar hans eru fullnýttir. Reynslan sem einstaklingurinn öðlast í þessu ferli er svo gefandi að hann leggur töluvert á sig til að upplifa hana aftur. Hægt er að skapa aðstæður eða ástand þar sem líklegra er að einstaklingur geti upplifað flæði, en þá má verkefnið sem hann tekur sér fyrir hendur hvorki vera of létt né of erfitt. Þannig viðheldur það áhuga hans (Csikszentmihalyi, 1997).

## Aðdragandi

Starfsfólk Ásgarðs hafði um nokkurt skeið velt vöngum yfir því hvernig auka mætti gæði frjálsa leiksins ásamt því að nýta betur húsnæði skólans og leikefnivið. Til að fá innsýn í ólíkar stefnur fór starfshópurinn í kynnisferðir bæði innanlands og utanlands. Starfsfólkið heillaðist mjög af því starfi sem unnið er í leikskólunum Uglukletti í Borgarnesi og Ryvang 2 í Danmörku. Þessir skólar starfa eftir hugmyndafræði Mihaly. Tekin var ákvörðun um að gera breytingar á stefnu Ásgarðs í þeim anda. Í upphafi breytingaferlisins vakti athygli okkar auglýsing frá Sprotasjóði um styrki til þróunarverkefna. Ákveðið var að sækja um og fengum við úthlutun sem gerði okkur kleift að ráðast í verkefnið af fullum krafti.

Við upphaf þróunarverkefnis voru sett fram eftirfarandi markmið:

- að auka gæði frjálsa leiksins
- að nýta betur húsnæði skólans
- að nýta betur leikefnivið skólans
- að dýpka þekkingu og færni starfsmanna til að vinna í anda hugmyndafræði Mihaly.

Með því að nýta betur húsnæði, leikefnivið og gefa frjálsa leiknum aukið vægi í dagskipulaginu teljum við að nemendur upplifi meiri leikgleði. Þeir sýni aukið frumkvæði, virkni, einbeitingu og öðlist frekari færni í samskiptum, samvinnu og hjálpssemi. Með því að auka þekkingu starfsfólksins á fræðunum teljum við að það upplifi meiri starfsánægju, verði öruggara, líði vel og sé þar með betur í stakk búið til að gefa sig að nemendum í leik og starfi.



## Skipulag verkefnisins

Verkátlan var sett upp og send til Sprotasjóðs með styrkumsókninni (sjá viðauka 1). Nokkrar breytingar urðu á verkátlan eftir því sem leið á ferlið, var þar helst um að ræða viðbætur vegna utanaðkomandi áhuga á verkefninu.

## Framkvæmd

Starfsfólk leikskólans Ásgarðs fór í vettvangsheimsókn í leikskólann Ugluklett í Borgarnesi til að kynna sér betur hugmyndafræði skólans.



Í upphafi skólaárs 2011 var haldinn kynningafundur fyrir foreldra í Ásgarði þar sem áherslubreytingar á hugmyndafræði skólans og þær breytingar sem gera þyrfti á leikumhverfi nemenda voru kynntar. Foreldrar voru áhugasamir um breytingarnar.

Gerðar voru breytingar á vinnutíma starfsmanna til að ná meiri samfellu í dagskipulag skólans. Breytingarnar miðuðu að því að starfsfólk tæki ekki kaffitíma á hefðbundinn hátt fyrir og eftir hádegi heldur tæki það samanlagða kaffitíma dagsins ýmist í upphafi eða lok vinnudags. Sátt ríkti um þessar breytingar í starfsmannahópnum og komið var til móts við óskir starfsmanna þegar kaffitímunum var skipt niður. Til að mæta félagslegum þörfum starfsmannahópsins og til að viðhalda þeim góða starfsanda sem ríkir innan skólans var tekin ákvörðun um að einu sinni í viku er sameiginlegur kaffitími fyrir hádegi. Þann dag fara nemendur í útiveru og starfsfólk skiptist á að taka kaffitíma.

Gerðar voru breytingar á leikumhverfi nemenda með það fyrir augum að auka gæði frjálsa leiksins sem í daglegu tali innan skólans er nefndur „flæði“. Sem dæmi um breytingar má nefna að matsalur skólans er nú einnig nýttur sem leikrými. Til að nýta húsnæði sem best voru rými tveggja deilda nýtt undir opið leiksvæði og nemendur þeirra sameinast í flæði. Yngstu nemendur skólans eru út af fyrir sig og taka þátt í flæði einu sinni í mánuði.

Þegar kom að því að ákveða hvaða svæði skyldi boðið upp á var stuðst við Aðalnámskrá leikskóla (1999) og þess gætt að komið væri til móts við námsviðin og þroskaþættina sem þar eru sett fram. Veggspjöld voru sett upp þar sem markmið hvernar stöðvar voru dregin fram. Ákveðið var að svæðin yrðu átta og að nöfn þeirra yrðu lýsandi fyrir það sem þar væri fengist við. Þar sem leikskólinn heitir Ásgarður var ákveðið að svæðin myndu hafa endinguna –

garður. Garðarnir sem settir voru upp eru Tónlistargarður, Kubbagarður, Sullgarður, Ævintýragarður, Friðargarður, Vísindagarður, Listagarður og Útgarður.

Veggspjald var sett upp þar sem sýnt var hvaða garðar væru opnir hverju sinni. Þetta var gert í þeim tilgangi að nemendur hefðu betri yfirsýn yfir leiksvæðin.



Starfsfólk ber ábyrgð á einum garði viku í senn. Það færast síðan á milli garða eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi sem sett var upp af deildarstjórum. Gerðar voru breytingar á dagskipulagi skólans. Þegar nemendur mæta til skóla að morgni velja þeir sér leiksvæði. Morgunverður er á borðum í 45 mínútur og ákveða nemendur hvenær þeir setjast til borðs. Flæði er í leikskólanum fyrir og eftir hádegi og inn í það fléttast fastir liðir á borð við ferðir í íþróttahús, vinnustundir elsta árgangs, prestatíma og fasta útivera á föstudagsmorgnum. Málörvunarstundir eru fyrir og eftir hádegi eftir að flæði lýkur. Hvíldartími nemenda er eftir hádegismat og dagurinn endar ávallt á útiveru.

Spurningalistar voru lagðir fyrir foreldra og starfsfólk (sjá viðauka 2) þar sem viðhorf til breytinganna var kannað. Einnig voru útbúin skráningareyðublöð og hafist handa við að fylgjast með og skrá leik nemenda og þátttöku og líðan starfsfólks í flæðinu (sjá viðauka 3).

Gerður var útdráttur á íslensku úr bókinni „Finding flow“. Meðan á þróunarverkefninu stóð var einn kafli tekinn fyrir í einu á starfsmannafundum sem haldnir voru einu sinni í mánuði. Þar var farið yfir innihaldi hvers kafla og síðan voru opnar umræður í starfsmannahópnum.



Deildastjórar sem komu að verkefninu fluttu fyrirlestur um flæði og jákvæða sálfræði fyrir starfsfólk á starfsdegi skólans. Starfsfólk sótti námskeið um jákvæða sálfræði, hamingju, styrkleika og starfsánægju á starfsdegi í Opna Háskólanum í HR. Sjálfstyrkingarnámskeið hefur verið skipulagt fyrir hópinn ásamt því að starfsfólk hefur sótt fyrirlestur um leik- og leikumhverfi barna hjá Skóladeild Akureyrar. Starfsfólkið hefur auk þess sótt námskeið í Hláturjóga og fengið fyrirlestur um Hamingju og velferð í leikskólastarfi.

Á Degi leikskólans var opið hús í Ásgarði þar sem hugmyndafræðin flæði var kynnt í máli og myndum fyrir gestum og gangandi. Gestir gátu farið um húsnaði skólans og upplifað með

nemendum þær breytingar sem gerðar höfðu verið. Einnig nýttum við tækifærið til að kynna flæði á árlegum ömmu- og afadegi í skólanum.

Áfangaskýrslu var skilað til Sprotasjóðs á tilsettum tíma.

Könnun var endurtekin og spurningalistar lagðir aftur fyrir foreldra og starfsfólk. Niðurstöðurnar voru síðan bornar saman.

Skráningum á leik nemenda og þátttöku og líðan starfsfólks í flæðinu lauk.

Meðan á verkefninu stóð fengum við heimsóknir frá starfsfólki þriggja leikskóla af Norðurlandi vestra og Ströndum sem vildi kynna sér flæði og upplifa umhverfið. Í kjölfar þessara heimsókna sóttum við heim einn þessara leikskóla til að fylgja eftir kynningunni með frekari umræðum um hugmyndafræðina.

Verkefnisstjóri hefur kynnt verkefnið á nokkrum fundum, má þar nefna fund í Fræðsluráði Húnaþings vestra og fund með hluta leikskólustjórnenda á Norðurlandi vestra. Viðtal við verkefnisstjóra um þær breytingar sem gerðar höfðu verið í starfi skólans birtist í tímaritinu Feyki, sem gefið er út á Norðurlandi vestra. Verkefnið var einnig kynnt á ársþingi Samtaka áhugafólks um skólaþróun sem ber heitið Vaxtasprotar í skólastarfi og var haldið í Lækjarskóla í Hafnafirði. Að verkefni loknu verða niðurstöðurnar kynntar fyrir sveitarstjórn og fræðsluráði Húnaþings vestra. Einnig verða þær kynntar foreldrum og áætlað er að skrifa grein í fagtímarit.

## **Rannsókn á viðhorfi foreldra og starfsfólks til nýrrar stefnu, flæðis.**

Okkur þótti mikilvægt að kanna viðhorf foreldra og starfsfólks til þeirra breytinga sem gerðar höfðu verið á stefnu og húsnaði skólans. Samdir voru spurningalistar og könnunin lögð fyrir í október 2011. Hún var síðan endurtekin í desember 2012 og niðurstöðurnar bornar saman.

### **Aðferðafræði**


Notast var við Likert-kvarða og voru svarendur beðnir um að velja hversu sammála eða ósammála þeir teldu sig vera þeim fullyrðingum sem settar voru fram í könnuninni. Einnig var svarendum gefinn kostur á að skrá athugasemdir og annað sem þeir vildu koma á framfæri varðandi flæðið. Niðurstöðurnar voru settar upp í stöplarit þar sem hvert bil á kvarða telur einn svaranda. Athugasemdirnar sem bárust voru skráðar sér.

## Niðurstöður

Starfsfólk skólans svaraði eftirfarandi fullyrðingum: „Ég er örugg í starfi mínu í flæði“, „mér líður vel í flæðinu“, „ég er þátttakandi í leik nemenda“, „húsnæði leikskólans er betur nýtt eftir að flæði var tekið upp“, „ég er ánægður með nýja stefnu leikskólans, flæði“ og „ég hef áhuga á því að kynna mér betur nýja stefnu leikskólans, flæði“. Alls svöruðu 12 einstaklingar könnuninni í október 2011 og var það 100% svarhlutfall. Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar. Svarendur voru ýmist mjög sammála eða sammála þeim fullyrðingum sem settar voru fram. Enginn sagðist vera ósammála eða mjög ósammála.

Niðurstöður könnunarinnar má sjá hér að neðan í töflu 1.1 – starfsfólk.

Tafla 1.1 – Starfsfólk fyrri könnun






Seinni könnunin var lögð fyrir í desember 2012, þar svöruðu 10 einstaklingar og var það 100% svarhlutfall. Enn voru svarendur ýmist mjög sammála eða sammála þeim fullyrðingum sem settar voru fram og enginn reyndist vera ósammála eða mjög ósammála.

Niðurstöður könnunarinnar má sjá hér að neðan í töflu 1.2 – Starfsfólk.


Tafla 1.2 – Starfsfólk seinni könnun



Foreldrar svöruðu eftirfarandi fullyrðingum í könnun sem lögð var fyrir í október 2011, „barn mitt er jákvætt gagnvart því að koma í leikskólann“, „barni mínu líður vel í leikskólanum“, „húsnæði leikskólans er betur nýtt eftir að flæði var tekið upp“, „ég er ánægður með nýja stefnu leikskólans, flæði“ og „ég hef áhuga á að kynna mér betur nýja stefnu leikskólans, flæði“. Foreldrar fjórutíu og fimm barna svöruðu könnuninni og var það 100% svarhlutfall. Í ljós kom að langflestir voru ýmist mjög sammála eða sammála þeim fullyrðingum sem settar voru fram. Einn var ósammála því að barnið væri jákvætt gagnvart því að koma í leikskólann, einn var ósammála því að barninu líði vel í leikskólanum, þrír voru ósammála því að húsnæði leikskólans væri betur nýtt eftir að flæði var tekið upp og einn var ósammála því að hann sé ánægður með nýja stefnu leikskólans.

Niðurstöður könnunarinnar má sjá í töflu 2.1 – Foreldrar.

Tafla 2.1 – Foreldrar fyrri könnun




Könnun meðal foreldra var endurtekin í desember 2012. Þá svöruðu foreldrar 36 barna, sem var 100% svarhlutfall. Að þessu sinni var fullyrðingu um nýtingu húsnæðis leikskólans sleppt úr spurningalistanum. Engar frekari breytingar höfðu verið gerðar á uppsetningu garða og því leikrými sem börnin höfðu til umráða frá því að flæði var tekið upp og þótti því ekki ástæða til að spyrja aftur út í nýtingu húsnæðisins.

Þessi könnun leiddi í ljós að langflestir voru ýmist mjög sammála eða sammála þeim fullyrðingum sem settar voru fram. Einn var ósammála því að barnið væri jákvætt gagnvart því að koma í leikskólann. Einn var ósammála því að hann væri ánægður með nýja stefnu leikskólans, flæði og þrír voru ósammála því að þeir hefðu áhuga á því að kynna sér betur nýja stefnu leikskólans.

Niðurstöður könnunarinnar má sjá í töflu 2.2 – Foreldrar.


Tafla 2.2 – Foreldrar seinni könnun



Sérstök könnun var lögð fyrir foreldra barna sem fædd voru árið 2009. Var það gert vegna þess að þegar fyrri könnunin var lögð fyrir voru þau börn ekki byrjuð í flæði. Þessi hópur varð því nokkurskonar samanburðarhópur, þar sem viðhorf til breytinganna voru könnuð áður en foreldrar og börn fengu reynslu af þeim og síðan aftur eftir að reynslan hafði verið fengin. Ákveðið var að sleppa fullyrðingunni „Húsnæði leikskólans er betur nýtt eftir að flæði var tekið upp“ hjá þessu úrtaki þar sem hvorki foreldrar né börn höfðu fengið reynslu af þeim breytingum sem gerðar höfðu verið.


Foreldrar sex barna svöruðu þessari könnun í október 2011 og var það 100% svarhlutfall. Flestir voru mjög sammála eða sammála þeim fullyrðingum sem settar voru fram. Einn var ósammála þeirri fullyrðingu að barnið væri jákvætt gagnvart því að koma í leikskólann. Nánari sundurliðun á svörum er hægt að sjá í töflu 3.1 – Foreldrar barna fædd 2009.

**Tafla 3.1 - Foreldrar barna fædd 2009 fyrri könnun**



Könnunin var lögð aftur fyrir foreldra barna sem fædd voru árið 2009 í desember 2012. Að þessu sinni svöruðu foreldrar fimm barna og var það 100% svarhlutfall. Niðurstöður þessarar könnunar sýndu að foreldrar allra barnanna töldu sig vera mjög sammála eða sammála þeim fullyrðingum sem settar voru fram. Nánari sundurliðun svara má sjá í töflu 3.2 – Foreldrar barna fædd 2009.

Tafla 3.2 - Foreldrar barna fædd 2009 seinni könnun



Almenn ánægja virðist vera með nýja stefnu leikskólans hvort sem um ræðir starfsfólk, foreldra eða börn. Börnin eru í langflestum tilfellum jákvæð gagnvart því að koma í leikskólann og að mati foreldra virðist þeim líða vel í leikskólanum. Yfirgnæfandi meirihluti foreldra og starfsfólks telja að húsnaði leikskólans sé betur nýtt eftir að flæði var tekið upp. Langflestir í öllum úrtökum eru ánægðir með nýja stefnu leikskólans, flæði og eru jafnframt opnir fyrir því að kynna sér stefnuna, flæði betur.

Engar athugasemdir komu frá starfsfólki en nokkrar athugasemdir voru skráðar af foreldrum og tengdust þær flestar spurningu þrjú og fjögur. Þar sögðust svarendur ekki þekkja nógu vel til aðstæðna áður en flæði var tekið upp og töldu sig því ekki getað svarað spurningunum. „Veit kannski ekki alveg nógu um flæði til að segja mjög sammála en barnið er ánægt svo við erum ánægð“, „Ég er mjög sátt við þessa breytingu. Barnið mitt er mun jákvæðara og ánægðara eftir að þessi breyting var tekin upp“ og „flæði er æði“ voru meðal þeirra athugasemda sem skráðar voru.

## **Skráningar á leik nemenda og þátttöku og líðan starfsfólks í flæði**

Skráningar voru gerðar tvisvar í mánuði frá upphafi þróunarverkefnisins. Fylgst var með leik nemenda og þátttöku og líðan starfsfólks í flæði. Skráningareyðublöð voru útbúin til að flýta fyrir og auðvelda skráningu og úrlestur úr gögnum (sjá viðauka 3). Skráningar voru framkvæmdar af verkefnisstjóra og tveimur deildarstjórum sem að þróunarverkefninu komu. Skráð var á öllum opnum gördum tvisvar í mánuði og var miðað við að fylgst væri með í 30 mínútur í hverjum garði. Fylgst var með hvort ákveðnir þættir væru sýnilegir. Hjá nemendum voru það leikgleði, virkni, frumkvæði, einbeiting, samvinna og hjálpsemi. Einnig var skráð hvernig samskiptum milli nemenda var háttað. Hjá starfsfólki var fylgst með öryggi starfsmannsins, vellíðan hans og þátttöku í leik nemenda. Öll hugtök sem sett voru fram á skráningareyðublöðunum voru útskýrð og viðmið sett til að samræma skráningar (sjá viðauka 3).

Þegar niðurstöður skráninga meðal nemenda voru skoðaðar kom í ljós að leikgleði og virkni voru alltaf til staðar þegar skráð var. Frumkvæði nemenda var langoftast til staðar og einbeiting þeirra var oftast en ekki mikil. Samvinna nemenda var góð en þó mismikil á milli garða. Samvinna nemenda var minni í Listagarði en í öðrum gördum. Út frá þeim athugasemdum sem skráðar voru má leiða líkum að því að það stjórnist af þeim viðfangsefnum sem þar var fengist við. Nemendur unnu að eigin verkum og ekki reyndi mikið á samvinnu þeirra. Hjálpsemi nemenda var mikil í flestum gördum en þó var lítil hjálpsemi skráð í Sullgarði. Nemendur léku sér og gerðu tilraunir með vatn á eigin forsendum og sóttust ekki eftir hjálp frá samnemendum. Samskipti nemenda voru í öllum tilfellum góð þegar skráningar áttu sér stað.

Niðurstöður skráninga meðal starfsfólks sýndu fram á að það var almennt mjög öruggt í starfi sínu og vellíðan reyndist mikil. Þátttaka í leik nemenda var mikil í flestum gördum en í Ævintýragarði, Útgarði og Kubbagarði kom þátttaka í leik nemenda ekki fram nema í helmingi skráninga. Ástæður sem skráðar voru í athugasemdir voru að starfsmaður hefði verið að sinna öðrum verkefnum og að hann hafi verið til staðar, fylgst með og aðstoðað eftir þörfum.

Niðurstöður þessara skráninga eru mjög jákvæðar og uppfylla þau markmið sem sett voru í upphafi verkefnisins.

## Að lokum

Vinnan við þróunarverkefnið hefur verið mjög lærdómsrík. Það má segja að skipulagið og framkvæmdin hafi að mestu gengið upp. Helstu breytingar voru viðbætur vegna utanaðkomandi áhuga á verkefninu og erum við mjög ánægðar með þá athygli sem verkefnið hefur fengið. Við höfum líka verið duglegar að segja frá því og kynna þegar tækifæri hafa gefist.



Börnin eru glöð, þeim líður vel og eru sjálfstæð og örugg í aðstæðum. Þau ákveða sjálf hvað þau taka sér fyrir hendur og fá næði til að þróa leikinn sinn áfram. Þau eru upptekin af þeim viðfangsefnum sem þau fást við og gleyma bæði stund og stað.

Starfsfólkið á heiðurinn af því hvað vel hefur tekist til við framkvæmdina. Það hefur verið með í breytingarferlinu frá upphafi og sótt námskeið til efla sig í starfi. Starfsfólkið er vel meðvitað um hlutverk sitt og hefur með þátttöku sinni og virkni skapað aðstæður þar sem hver og einn nemandi finnur verkefni við hæfi. Allir eru tilbúnir að leggja allt undir til að vinna í anda Mihaly.

Foreldrarnir hafa verið áhugasamir og jákvæðir gagnvart breytingunum og hafa þeir stutt okkur frá upphafi.

Þær breytingar sem við höfum gert hafa skilað sér út í samfélagið og tala gestir og gangandi um það hvað börnin séu einbeitt og yfirveguð og andrúmsloftið afslappað.

Það er því mat okkar sem fóru fyrir verkefninu að vel hafi tekist til. Þó svo að þróunarverkefninu sé formlega lokið höldum við áfram að þróa starfið í anda Mihaly. Næsta skref er handan við hornið en það er að aðlaga nýja námskrá skólans að hugmyndafræði hans.



## Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Csikszentmihalyi, M. (1997). *Finding Flow, The Psychology of Engagement with Everyday Life*. New York; Basic Books.

Psychology. About.com. (e.d.). *Mihaly Csikszentmihalyi Biography*. Sótt 15. febrúar af <http://psychology.about.com/od/profilesal/p/mihaly-csikszentmihalyi-biography.htm>



## Viðauki 1 – Verkáætlun

Dagsetningar	Verkáætlun	Þátttakendur	Ábyrgð
Ágúst 2011	Heimsókn á Ugluklett, Borgarbyggð	Kennarar og leiðbeinendur	Verkefnis- og skólastjóri
September 2011	Kynning á breytingum á innra starfi skólans, flæði	Foreldrar, kennarar, leiðbeinendur, skóla- og verkefnisstjóri	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar
September 2011	Leikumhverfi undirbúið	Kennarar og leiðbeinendur	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar
September 2011	Spurninga og skráningalista undirbúnir Skráning hefst	Verkefna- og skólastjóri, deildastjórar	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar
Október 2011	Vinna hafin við þýðingu (úrdrátt) á bókinni Finding flow (á íslensku)	Elsa Rut Róbertsdóttir	Elsa Rut Róbertsdóttir og Verkefnis- og skólastjóri
Október 2011	Spurningalista lagðir fyrir foreldra, kennara og leiðbeinendur	Foreldrar, kennarar og leiðbeinendur	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar
Október 2011	Fyrirlestur um flæði	Kennarar og leiðbeinendur, verkefnis- og skólastjóri	Verkefnis- og skólastjóri
Janúar 2012	Mat á verkefni áfangaskýrsla	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar
6. febrúar 2012 Dagur leikskólans	Kynning á flæði /opið hús	Kennarar og leiðbeinendur, verkefnis- og skólastjóri, foreldrar og aðrir gestir	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar
21. mars 2012 Ömmu og afa dagur	Kynning á flæði /opið hús	Kennarar og leiðbeinendur, verkefnis- og skólastjóri, ömmur og afar	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar
Apríl 2012	Sjálfstyrkinganámskeið fyrir	Kennarar og leiðbeinendur, verkefnis-	Verkefnis- og skólastjóri

	starfsfólk	og skólastjóri	skólastjóri
Apríl 2012	Fyrirlestur um leik og leikumhverfi barna	Kennarar og leiðbeinendur, verkefnis- og skólastjóri	Verkefnis- og skólastjóri
Júní 2012	Mat á verkefni áfangaskýrsla	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar
Desember 2012	Spurningalistar lagðir fyrir foreldra, kennara og leiðbeinendur	Foreldrar, kennarar og leiðbeinendur	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar
Janúar 2013	Mat á verkefni og niðurstöður Skráningu lokið	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar
Að verkefni loknu	Kynningar og greinarskrif	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar	Verkefnis- og skólastjóri, deildastjórar

## Viðauki 2 – Spurningalistar

Kæru kennarar, eftirfarandi spurningalisti er hluti af þróunarverkefninu Leikur er barna yndi.

Vinsamlega svarið honum eftir bestu getu.

Skilið honum í kassa sem staðsettur er inni á kaffistofu.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi spurningum?	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála
Ég er örugg í starfi mínu í flæðinu				
Mér líður vel í flæðinu				
Ég er þátttakandi í leik nemenda				
Húsnæði leikskólans er betur nýtt eftir að flæði var tekið upp				
Ég er ánægður með nýja stefnu leikskólans, flæði				
Ég hef áhuga á að kynna mér betur nýja stefnu leikskólans, flæði				
Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi flæðið:				

**Kæru forráðamenn, eftirfarandi spurningalisti er hluti af þróunarverkefninu Leikur er barna yndi.**

**Vinsamlega svarið honum eftir bestu getu.**

**Skilið honum í kassa sem staðsettur er inni á Grænagarði.**

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála
Barn mitt er jákvætt gagnvart því að koma í leikskólann				
Barni mínu líður vel í leikskólanum				
Ég er ánægður með nýja stefnu leikskólans, flæði				
Ég hef áhuga á að kynna mér betur nýja stefnu leikskólans, flæði				
Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi flæðið:				

### Viðauki 3 – Eyðublað vegna skráningar

<b>Dagsetning:</b>	Tími:	Stöð:	Skráningaraðili:
<b>Nemendur:</b>	Já:	Nei:	Annað:
Leikgleði			
Virkni			
Frumkvæði			
Einbeiting			
Samvinna			
Hjálpsemi			
	Góð:	Slæm:	
Samskipti			
<b>Kennarar:</b>	Já:	Nei:	Annað:
Öryggi			
Vellíðan			
Þátttaka í leik			
<b>Nemendur:</b>			
*Leikgleði: er til staðar ef nemendur eru þátttakendur			
*Virkni er til staðar ef a.m.k. helmingur nemenda er þátttakandi í því sem fram fer.			
*Frumkvæði er til staðar ef nemendur velja sjálfir það sem þeir hafa áhuga á, t.d. Þegar nemandi velur ákveðið leiksvæði eða óskar eftir einhverju frá starfsmanni, t.d. aðstoð, eða nýjum leikefni við.			
*Einbeiting er til staðar þegar a.m.k. helmingur nemenda er niðursokkinn í þau viðfangs-efni sem fengist er við.			
*Samvinna er til staðar ef 2 nemendur eða fleiri vinna saman að því að leysa verkefni			
*Hjálpsemi er til staðar ef a.m.k. 1 nemandi réttir öðrum hjálparhönd.			
*samskipti			
<b>Kennarar:</b>			
Öryggi er til staðar ef virkni kennarans er sýnileg			
Vellíðan er augljós :)			
Þátttaka í leik er til staðar ef kennari tekur virkan þátt í leik nemenda á þeirra forsendum.			